

Nd.

891. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til laga um orlofssjóð aldraðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin tekur undir það meginmarkmið frumvarpsins, að átak þurfi að gera í skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu vegna orlofsstarfsemi fyrir aldraða.

Meiri hluti nefndarinnar taldi að kanna þyrfti betur, áður en afstaða væri tekin til þess, hvort sjóðsstofnun í þessu skyni sé besta leiðin.

Nefndin telur því rétt að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að kannað verði í samráði við samtök launþega, Samband isl. sveitarfélaga og aðra, sem unnið hafa að þessum málum, með hvaða hætti skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera verði best fyrir komið.

Í trausti þess, að svo verði gert, mælir nefndin með að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. maí 1981.

Alexander Stefánsson,
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson.

Friðrik Sophusson,
fundaskr.

Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðm. J. Guðmundsson.